

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

43. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn fimmtudaginn 15.maí 2015 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 10:15.

Fundinn sátu: Ólafur Loftsson af hálfu KÍ, af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins sat einnig fundinn. Guðbjörg Ragnarsdóttir tilkynnti forföll.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Útgáfa á heildstæðum kjarasamningi Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Niðurstaða:

Útgáfa heildarkjarasamnings. Ýmis mál rædd og stefnt að því að klára útgáfu heildarkjarasamnings sem fyrst.

2. Raðast kennari í 49% starfshlutfalli í starfsheitið verkefnisstjóri 1 eða verkefnisstjóri 2. – 1503033SA

Erindi barst samstarfsnefnd þar sem spurst er fyrir um hvort kennari sem er í 49% starfshlutfalli eigi ekki að raðast sem verkefnisstjóri 2 ef hann sinnir eingöngu verkefnisstjórn í öllu starfshlutfallinu.

Niðurstaða:

Til þess að raðast í starfsheitið Verkefnastjóri 2 verður kennari að lágmarki að vera ráðinn í 50% starfshlutfall. Þeir sem eru í minna starfshlutfalli en 50% raðast alltaf sem Verkefnastjóri 1.

3. Greiðsla álags í teyrum samkvæmt grein 1.3.6 vegna viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu. – 1503034SA

Erindi barst samstarfsnefnd þar sem spurt er hvort heimilt er við þær aðstæður þar sem kennari/ar í teymi forfallast að skipta 0,5 álagi milli þeirra kennara sem leysa forföllin og bæta við sig nemendum samkvæmt grein 1.3.6.

Niðurstaða:

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

4. Önnur mál.

Enginn önnur mál.

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 20. maí klukkan 9:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:46